



Mennta- og barnamálaráðuneytið
Skrifstofa stefnumótunar og innleiðingar
Sölvhólsgrötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. mars 2023

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um drög að frumvarpi til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála, mál nr. 38/2023.

Kennarasamband Íslands (KÍ) veitir hér með umsögn um drög að frumvarpi til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála, mál nr. 38/2023.

Almennt um áherslur á skólaþjónustu og breytingar á lögum

KÍ hefur fylgst með og átt þátt í ýmsum verkefnum tengdum áherslu mennta- og barnamálaráðuneytisins á bættu skólaþjónustu. Frumvarp til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála er aðeins einn liður í þeirri áherslu ráðuneytisins.

KÍ telur að það skjóti skökku við að ný heildarlög um skólaþjónustu verði á dagskrá næsta löggjafarþings (154) en lög um stofnunina sem skal framfylgja þeim sett fram á yfirstandandi þingi. Í ljósi þess að Menntamálastofnun hefur allt frá stofnun hennar árið 2015 haft frekar óljóst hlutverk og umboð hefði KÍ þótt eðlilegra að byrja á heildarlagarammanum og reisa síðan nýja stofnun á honum.

Ljóst má vera að eitt af hlutverkum nýrrar stofnunar verður að fylgja eftir þeim viðfangsefnum sem að munu falla til vegna nýrrar heildarlöggjafar um skólaþjónustu og því er mjög mikilvægt að verkefni nýrrar þjónustustofnunar sem snúa að skólaþjónustu verði aðlöguð að heildarlöggjöf og ef til þarf gera þær breytingar á lögum um þjónustustofnunum þar sem við á.

Um uppsagnir starfsfólks Menntamálastofnunar og uppsagnarfrest

Kennarasamband Íslands hefur verið í sambandi við starfsfólk Menntamálastofnunar sem eins og aðrir fékk fremur óvænt tíðindi um niðurlagningu stofnunarinnar um miðbik október 2022. Óvissa um hvað tekur við hefur einkennt það tæplega hálfá ár sem liðið hefur frá tilkynningunni með tilheyrandi áhrifum á starfsanda og störf í stofnuninni.

Eyða þarf þeirri óvissu sem allra fyrst. Starfsfólk Menntamálastofnunar hefur gegnt viðamiklu hlutverki í íslensku skólaumhverfi á undanförunum árum og í þeim býr mikil þekking og mannauður sem mikilvægt er að nýtist áfram til góðra verka. Óvissa um framhald verkefna hefur að sjálfsögðu neikvæð áhrif á starfsumhverfi og um leið starfsanda og er afar brýnt að bæta þar úr.

Í drögum að ákvæði II til bráðabirgða kemur fram að öll störf hjá Menntamálastofnun verði lögð niður. Stjórnvöldum ber að huga að meðalhófi í öllum þeim ákvörðunum sem þau taka og skulu því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði sem stefnt er að verður ekki náð með öðru og vægara móti. Flest öll þau verkefni sem starfsmenn Menntamálastofnunar sinna verður áfram sinnt af hinni nýju stofnun. Eðlilegast og til samræmis við meðalhóf hefði því verið að ákvæði II til bráðabirgða fæli í sér heimild til flutnings starfsmanna til hinnar nýju stofnunar. Slíkt kæmi ekki í veg fyrir að heimilt væri að breyta að einhverju leyti störfum og verkviði starfsmanna en heimild til slíkra breytinga er



m.a. að finna í 19. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Er því alveg ljóst að sá tilflutningur á störum myndi ná því markmiði sem stefnt er að með hinni nýju stofnun og ekki koma í veg fyrir þær skipulagsbreytingar sem til stendur að gera. Fara þarna saman hagsmunir stofnunar til að minnka lýkur á að starfsmenn með gríðarlega þekkingu sem nýtist hinni nýju stofnun ráði sig til annarra starfa til að tryggja starfsöryggi sitt og hagsmunir starfsmanna til starfsöryggis.

Við þetta má bæta að fram kemur í drögum og í skýringum frá mennta- og barnamálaráðuneyti til starfsfólks hefur nú komið fram að við gildistöku laganna hefjist uppsagnarfrestur sem ljúki í flestum tilvikum að þremur mánuðum liðnum. Gera má ráð fyrir því að ráðningarferli geti í mörgum tilvikum tekið alla þessa þrjá mánuði sem um ræðir og þar með allan uppsagnarfrestinn. Ætla má að margt starfsfólk muni telja þessa óvissu óásættanlega og leita sér að starfi og starfsöryggi annars staðar en hjá nýrri stofnun enda hefur starfsfólk enga tryggingu fyrir því að það muni fá starf hjá hinni nýju stofnun.

Kí leggur til að öll störf Menntamálastofnunar verði flutt til hinnar nýju stofnunar en stofnunn hinsvegar veitt svigrúm til skipulagsbreytinga sem gætu falið í sér breytingu á störfum.

Um menntunarkröfur forstjóra

Leiðtogi þjónustustofnunar sem ætlað er lykilhutverk á sviði menntamála þarf að mati Kí að vera einstaklingur með menntun á sviði uppeldis- og menntamála og/eða með yfirgripsmikla reynslu á skólamállum. Vissulega snýr starf forstjóra að öðrum þáttum, s.s. rekstrarlegum forsendum og hæfni í mannauðsmálum en lykilateininn í starfinu er að efla umhverfi gæðanáms á Íslandi og þar er menntun viðkomandi yfirmanns mikilvægur þáttur í trúverðugleika þess starfs að leiða stofnunina.

Um faglegt aðhald og samráð

Kí gagnrýndi á sínum tíma að ekki væri fjallað um sérstaka stjórn Menntamálastofnunar, þegar lög um þá stofnun voru í smíðum árið 2015, en áður hafði verið skipað í stjórnir bæði Námsgagnastofnunar og Námsmatsstofnunar. Í frumvarpi að lögum um stofnun [X] er nú bæði fallið frá því að sérstök fagráð eða ráðgjafarnefnd starfi innan stofnunarinnar, eins og skilgreint var í 3. gr. laga um Menntamálastofnun, en í staðinn er kveðið á um samvinnu og samráð „við skóla og aðra aðila, félög, samtök og stofnanir“, sveitarfélög, börn og ungmenni. Með þessu eru formlegt aðhald og samráðsskylda stofnunarinnar orðin mjög óljós og algerlega á valdi forstjóra að ákveða við hvern og hverja skuli hafa samráð eða eiga samvinnu við. Þannig getur starfsemi nýrrar stofnunar verið algerlega komin undir því hvernig pólitískir vindar blása hverju sinni.

Samhengi við önnur lög

Ljóst er að lög um nýja þjónustustofnun á sviði menntamála hefur áhrif á mörg önnur lög sem málefni tengjast og ágætt að gert sé ráð fyrir hæfilegum aðlögunartíma þeirrar gagnvirkni sem að við á.

Verði framangreind drög að frumvarpi að lokum samþykkt leiðir það til þess að breyta þarf öðrum lögum t.d. lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019 t.d. að því er varðar útgáfu leyfisbréfa og veitingu undanþága. Vankantar eru á núgildandi löggjöf sem tilvalið væri laga við slíkar breytingar og er Kí tilbúið samráðs og ráðgjafar í tengslum við slíkar lagfæringar.



Verkefni og hlutverk nýrrar stofnunar

Námsgögn

Kí fagnar mjög að nýrri stofnun verði heimilt að leggja leik- og framhaldsskólum til námsgögn. Um langa hríð hefur sambandið kallað eftir metnaðarfullri námsgagnagerð fyrir þessi skólastig og vill lýsa sérstakri ánægju með þá áætlun. Horfa þarf til ólíkra áherslna í námsefni og sérstaklega horft til nýjustu tækniframfara þegar kemur að gerð námsefnis sem unnið er í því formi.

Kí vill þó líka árétta það að námsefnisgerð í grunnskóla er sannarlega á þeim stað að hana þarf að efla stórlega og vert að nýta tækifærið sem liggur í þeirri endurskoðun sem fer í gang með nýrri stofnun og því að hún mun bera ábyrgð á námsefnisgerð og ráðast í það verkefni að koma með nýtt námsefni byggt á áherslum námskrár og nýrra áherslna í kennslufræði.

Hikið ekki við að hafa samband við undirritaðan ef frekari upplýsinga er óskað.

Virðingarfyllt,

F.h. Kennarasambands Íslands

Magnús Þór Jónsson
Formaður